

Innkaupastefna Félagsbústaða

Stefna Félagsbústaða er að beita markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og stuðla þannig að gagnsæi og hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum á vegum fyrirtækisins.

- Félagsbústaðir skulu bjóða út þjónustu, verkframkvæmdir, verksamninga og vörukaup og tryggja að hagstæðasta tilboði sé tekið. Að öðrum kosti beita lokuðum útboðum eða verðfyrirspurnum meðal sem flestra eða beinum samningum eða innkaupum
- Gætt skal gagnsæis, hagkvæmni og jafnræðis við öll innkaup.
- Við innkaup og rekstur samninga skal taka sérstakt tillit til gæða-, heilbrigðis-, umhverfis-, upplýsingaöryggis- og öryggissjónarmiða.
- Félagsbústaðir skulu eiga í viðskiptum við ábyrga aðila (keðjuábyrgð).
- Ábyrgð á innkaupum skulu vera á hendi viðkomandi sviðsstjóra.
- Félagsbústaðir skulu fylgja ákvæðum laga og reglna Reykjavíkurborgar sem gilda varðandi innkaup.
- Framkvæmdastjóri sér til þess að upplýsingaöryggisstefnu þessari sé fylgt.

Hvorki starfsmenn né stjórnarmenn geta átt aðild að ákvörðunum um innkaup sem varða aðila sem þeir eru í hagsmunatengslum við. Starfsmönnum er óheimilt að þyggja boðsferðir eða gjafir sem tengjast viðskiptum við Félagsbústaði nema með sérstakri heimild framkvæmdastjóra.

Stefnan er til endurskoðunar að sex mánuðum liðnum.

Samþykkt á fundi stjórnar Félagsbústaða 21. nóvember 2018



Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri